

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Svalbarðsstrandarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Svalbarðseyri.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 24. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Svalbarðseyri þar sem afmörkuð er lóð fyrir dreifistöð raforku norðan lóðarinnar Bakkatúns 45. Á lóðinni verður byggð stöðluð og hefðbundin dreifistöð. Engin breyting er gerð á ákvæðum deiliskipulagsins.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 6. september 2024,

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. september 2024